

MORGUNBLAÐIÐ

Stofnandi: Vilh. Finson.
Útgefandi: Fjelag í Reykjavík.
Ritstjórn: Jón Kjartansson,
Valtýr Stefánsson.
Auglýsingastjóri: E. Hafberg.
Skrifstofa Austurstræti 8.
Sími nr. 500.
Auglýsingaskrifst. nr. 700.
Helmasmar: J. Kj. nr. 742.
V. St. nr. 1220.
E. Hafb. nr. 770.
Áskriftarjald innanlands kr. 2.00
á mánuði.
Útanlands kr. 2.50.
Í lausabölu 10 auru eintakið.

ERLENDAR SÍMFREGNIR

Khöfn 11. sept. FB.
ÞJÓÐVERJUM FAGNAÐ Í GENF. SPÁNVERJAR SEGJA SIG ÚR ÞJÓÐABANDALAGINU.

Símað er frá Genf. að Þjóðverjum hafi verið tekið með miklum fögnuði á þingfundi þjóðabandalagsins. Stresemann hjelt áhrifamikla ræðu og lagði áherslu á það, að samvinna meðal þjóðanna væri besta tryggingin fyrir því, að friðurinn í heiminum yrði varðveittur. Lofaði hann einlægri samvinnu Þýskalands til þess að hrinda friðarmálunum áleiðis. — Briand hjelt snildarlega ræðu og bauð Þjóðverja velkomna.

Símað er frá Madrid, að Spánu hafi sent úrsögn sína úr þjóðabandalaginu.

SYNT YFIR ERMARSUND.

Símað er frá London, að frakkneskur maður að nafni Michel hafi synt yfir Ermarsund á ellefu stundum.

Frjettir viðsvegar að.

Kæran á Belgíu. Rjettarhöld stóðu yfir á Siglufirði í allan gær dag, út af kæru varðskipsins „Þórs“ á Belgíu, fyrir landhelgisbrot. Var talið vafasamt, hvort togarinn yrði dæmdur. — Kæran byggdist, að sögu, á grun. Þegar „Þór“ kom að togaranum, var hann í landhelgi, en ekki við veiðar og veiðarfæri öll í lagi. — Hinsvegar, hafði varpan verið blaut, en þurt veður og engin ágjöf, svo varðskipsinn þótti þetta grunsamlegt.

Sjóþréf voru haldin í gær af árekstri Jóns forseta á færæysku bátana, en ekkert sjerstakt hafði þar komið fram.

Sildveiði var engin á Siglufirði í gær, enda vont veður, kuldi og snjó.

Úr Vestur-Skaftafellssýslu. Mýrdal hefir heyskapur gengið vel síðari hluta síðastliðinnar viku; hirtu flestir undan í gær. Ennþá eiga þó flestir bændur í Mýrdal eitthvað óslegið, því þeir fóru sjer hægt, meðan rosinn var verstur.

Austan Mýrdalssands hefir heyskapur yfirleitt gengið samilega upp á síðkastið; eru mægir þar að losna, eða lausir við heyskap.

Frá Vestmannaeyjum var símað að í gær, að þar væri um þriðjungur fiskjar óþurkaður enn. — Hafa verið þar miklir óþurkar undanfarið.

Frá slysinu á Húnaflóa. Mönnunum þeim hinum færæysku, sem slúsuðust við slysfarinnar á Húna

flóa, líður nú öllum samilega. — Þá var Foch spurður um, hvert Versnaði skipstjóranum mjög í álit hans væri á Mussolini. Hann gerði lítið úr gífurðunum og áleit lækurinn, að hann væri og hernaðartali Mussolini, leit svo úr allri hættu. — Einn þessara á, að stóryrði hans væru aðallega þriggja rifbrotnaði, og var hana töluð til þess að hljóma í eyrunum ítala. Þau væru ekki annað en „um sig sláttur“ fyrir augum almennings heima fyrir.

Fjöldi sildveiðiskipa lá inni á Hvammstanga í gær. Var norðanstormur og ekki hægt að athafna sig við síld. Menn vona, að enn munni síldin gefa sig til á Húnaflóa, ef veður verður stilt.

NÆSTA STYRJÖLDIN.

HVERNIG VERÐUR BARIST?

ÁLIT FOCHS MARSKÁLKS.

Allir kannast við yfirhershöfingjann mikla, franska marskalkinn Foch. Þó nafn hans væri á allra vörum síðari hluta heimstýrjaldarinnar, hefir eigi borið mikið á honum eftir að ófriðnum lauk.



FOCH.

Nýlega birtist samtalið við hann í ameríska blaðinu „New York Times“. — Lagði blaðamaðurinn fyrir hann ýmsar spurningar, m. a. það, hvað álit hans væri á afvopnuninni.

— Ekkert verður úr afvopnun, segir Foch, meðan Þjóðverjar hafa engann vilja á því að koma henni á. En hingað til hefir eigi borið á því, að Þjóðverjar kærdi sig um, að dregið væri úr hervörnum.

Spurði blaðamaður þá Foch, hvort hann álti, að Þjóðverjar væru þegar teknir að hervæðast.

— Eigi eru það mín orð, segir Foch marskalkur. Þjóðverjar eru eigi ennþá farnir að hervæðast í verki, en vígahugur þeirra er hinn sami sem áður var. Og meðan svo er, er um enga afvopnun að ræða.

Þeir hervæðast ekki enn, af þeirri einföldu ástæðu, að hafðar eru á þeim strangar gætur, þegar geta það ekki, hversu feginir sem þeir vildu. Því hefir verið fleygt, að þeir gerðu ýmsar hernaðarráðstafanir í leynd. Jeg trúu því vart að svo sje. Þeir geta það ekki meðan eftirlitið er eins strangt og það er.

— Ófriður getur brotist út hvar nær sem er, og hvar sem er. En það eitt er víst, hann verður egi legri en nokkur ófriður hefir verið hingað til. Sennilega verður barist meira með vjelum en áður var. Það verður vjelamenningin sem setur sinn svip á alt saman.

EITURLOFTIÐ.

Og þó þjóðabandalagið hafi reynt að stemma stigu fyrir því, að notað verði eiturlöft í stýrjöldum, þá er það opinbert leyndarmál, að verið er að gera tilraunir um allan heim, til þess að framleiða eiturlöft, er geti orðið sem áhrifamest og djöfullegast.

Fari svo að hægt sje að útiloka það með alþjóðasamþykktum, að engir noti eiturlöft í stýrjöldum, þá ætti eins að vera hægt að koma sjer saman um, að hætta öllum bærðögum yfirleitt. — En meðan barist verður, hefi jeg enga trú á því, að hægt sje að banna notkun neinna vopna eða drápsaðferða.

Álit Fochs á vígahug Þjóðverja stingur allmjög í stáf við ræðu Stresemanns á fundi þjóðabandalagsins í Genf.

60 ára afmæli G. H.

Guðmundi Hannessyni bærust mörg heillaóskaskeyti á sextugsafmæli hans, meðal annars voru þessi erindi:

Svei mjer ertu sextugur og sýnist ekkert vera um megu. Djöfuls ertu duglegur að drasla þetta alt í gegn!

Þú hefir lifað lengi og vel, læknað sjúka, sprund og hal. Brynt til dáða bragna þel, — en betur má, ef duga skal! Björn G. Blöndal, lækur.

Megum ekki af þjer sjá: aukist jarðlífs sæla. Hastar nokkuð hinnum á herskarana að mæla? Oddný og Ingólfur Císlason.

Þó þú skærir þúsund manns og þættir stundum kaldur, þakkar þjer nú lýður landslistar þinnar galdur. J. B.

DAGBÓK.

I. O. O. F. — H 1089138 — I.

Veðrið (í gærkvöldi kl. 5): — Loftþrýsting er mest yfir Norður-Grænlandi (um 765 mm.). Stinningsgola á norðan um alt land. Kaldast á Raufarhöfn 3 stig. Við Suður-Grænland er loftvægislaepð sem væðist verð á hreyfingu til austurs. Má búast við summanátt með regni og hlýrra veðri, er hún kemur upp undir landið. Útlit í dag fyrir Reykjavík: Norðaustan gola, sem sennilega

Vinna.

Stúlka óskast í vist nú þegar á Óðinsgötu 28.

Sparið peninga! Látið vanda gamla yfirfrakkanum yðar, í staðinn fyeir að kaupa nýjan. Viðgerðir og pressanir af hendi leystar vel og ódýrt. Fötin sótt og send. Schram, Ingólfsstræti 6.

Tilkynningar.

Dansskóli Sig. Guðmundssonar. Dansæfing í kvöld í Iðró, uppi kl. 9. Mætið stundvíslega.

Tækifæriskaup

á einni af bestu jörðum nærliggjandi. — Semja þarf strax við **JÓNAS H. JÓNSSON.**

snýst í suðaustrið. Þykkar í lofti og gengur að með eigningu undir kvöldið.

Viðvaerpið í dag: Kl. 11,15 Guðsþjónusta frá dómkirkjunni (sjera Friðrik Hallgrímsson). Kl. 2 síðd. guðsþjónusta frá frikirkjunni (sr. Árni Sigurðsson). Kl. 5 síðd. guðsþjónusta frá dómkirkjunni (sjera Bjarni Jónsson). Kl. 8 síðd. Veðurskeyti og frjettir. Kl. 8,10 síðd. Páll Ísólfsson: Organleikur. Kl. 9 síðd. Tímamerki. Kl. 9 síðd. ungfrú Þóra Garðarsdóttir: Einsöngur, með aðst. Emil Thoroddsen. Kl. 9,45 hljóðferasláttur frá Hótel Ísland. Kl. 10 Tímamerki.

Dansleik atlar Íþróttafjel. Rvíkur að efna til í Iðró 18. þ. m.; sbr. augl. hjer í blaðinu í dag.

Morgunblaðið er 8 síður í dag, auk Lesbókar.

Veðrið og veðurspá. Veðurstofan hefir góðfúslega lófað að láta Mbl. í tje á hverjum degi stutt yfirlit yfir veðurlagið á Íslandi og í nánd, eins og það er kvöldið áður en blaðið kemur út; ennfremur veðurspá fyrir Reykjavík og nágrenni þann dag, sem blaðið kemur út. Væntir blaðið þess, að almenningi þyki gaman að fá þetta, enda er mikill fróðleikur í því og sýnir um leið í hverju veðurspáin er fólgin. Birtum vjær fyrsta yfirlitið í dag.

Munþarnir á Möðruvöllum heitir leikrit í þrem þáttum, eftir Davíð Stefánsson, sem verið hefir í prentun undanfarið og kemur út í haust.

Sjómannastofan. Guðsþjónusta kl. 6 síðd. í dag. Allir velkomnir.

Stærsta blaðið á Grænlandi. Nýlega fjekk Mbl. brjef frá sænskri verslun, þar sem spurt var að því, hvaða blað á Grænlandi væri stærst og best auglýsingablað. — Samskonar fyrirspurn kom frá Englandi fyrir nokkru.

Handaflíð. í grein Ólafs Friðrikssonar í Eimreiðinni síðustu, minnst hann á ágreiningsatriði sósíalista og kommúnista. Kemst hann þannig að orði, að kommúnistar hafi eigi trú á þingræð-

Auglýsingadagbók

Viðskifti.

Verðlisti. Saum og tillegg á fötum 70 krónur, á frökkum 65 krónur. Blá cheviotsföt frá kr. 165.00, frakkar frá kr. 100.00.

Hæinsun og pressun á fötum 4,00, á frökkum kr. 2,50. — Guðsteinn Eyjólfsson, Laugaveg 34.

Komið í Fatabúðina, áður en þið festið kaup annarstaðar.

Dilkakjöt, frosið, fyrsta flokks, úr Borgarfirði, fæst nú á 75 auru ½ kgr. Áreiðanlega ódýrasti maturinn. Hf. Ísbjörninn, sími 259

Fyrst um sinn verður tekið á móti allskonar fatnaði til viðgerðar og pressunar, sömuleiðis límt og gert við regnkápur. Vönduð vinna. Alt sótt og sent heim aftur. G. B. Vikar. Sími 658.

Nýkomið í Fatabúðina. Miklið og fallett úrval af karlmannsfötum og Yfirfrökkum, Rykkápurum, Regnkápurum, Peysum, Golfreyjum, Nærfatnaði, Sokkum, Hönskum, Kjólum, Kvenkápum, Vasaklútum, Axlaböndum, Skirtum og alslags smávörum o. m. fl.

LUX-dósamjólkin er best.

Þvottastell 10,75, Ólíuvjelar 12,50. Ódýrir Primusar og Primushausar. Bollapör 35 auru, Diskar 45 auru. Hannes Jónsson, Laugaveg 28.

TÆKIFÆRISGJÖF, sem öllum kemur vel að fá, er fallegur konfektikassi, með því betra innihaldi úr Tóbakshúsinu, Austurstræti 17.

Hús og lóðir eru til sölu. Jónas H. Jónsson. Símar 1327 og 327.

Kensla.

Kenslu í frönsku veiti jeg undirrituð. Svanhildur Þorsteinsdóttir, Þingholtsstræti 33. Sími. 1955.

Piano- og Harmoniumkensla er byrjuð. Páll Ísólfsson, Bergstaðastræti 50 A. Sími 1645.

Kvöldskóli Ríkarðs Jónssonar. Teikning og tálguismiði byrjar snemma í október. Upplýsingar á Hverfisgötu 37, kl. 7—8.

Húsnæði.

Herbergi til leigu í Hafnarfirði. Hentugt fyrir 2 skólapylla. Fæði fæst á sama stað ef óskað er. — Upplýsingar á Símsstöðinni í Hafnarfærði.

Herbergi óskast til leigu strax. Upplýsingar í síma 646.

isleiðinni, álti að betra sje „að vera undir það búinn, að nota handaflíð“. — Eftir því sem frjést hefir um sambúð kommúnista og jafnaðarmanna hjer í þennum síðustu daga þá mun kommúnistar þegar vera farnir að nota þessa aðferð.

Frönskukenslu auglýsir ungfrú Svanhildur Þorsteinsdóttir hjer í blaðinu. Hefir hún dvalið í Frakklandi um skeið, og verið þar á skóla.